

Hnjúkaþeyr og hugarburður

Haraldur Ólafsson

Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands og Reiknistofu í veðurfræði

Veðurstofu Íslands

Bústaðavegi 9

150 Reykjavík

Netfang: haraldur@vedur.is

Alengt er að hlýrra sé hlémegin fjalla en vindmegin og er hinn þurri og hlýi vindur sem blæs af fjöllum nefndur hnjúkaþeyr (e.foehn). Hefur hitamunurinn iðulega verið tengdur við losun dulvarma í tengslum við úrkomumyndun yfir fjöllum og má segja að sú skýring sé ráðandi í kennslubókum. Hér eru veðurathuganir og reiknilraunir skoðaðar til að kanna uppruna hnjúkaþeysins í sunnanátt á Íslandi. Í ljós kemur að lítill samhljómur er milli dulvarmakeningarinnar og raunveruleikans. Nánast ekkert samhengi er milli úrkomumagns og hitamunar norðan og sunnan heiða. Á hinn bóginn stuðlar stöðugleiki loftmassa að því að hlýrra verði norðan lands en sunnan og verður því hinn íslenski hnjúkaþeyr að líkindum fyrst og fremst skýrður með niðurstreymi lofts úr efri lögum. Lítið samhengi er milli vindstyrks og upphitunar loftsins á leiðinni norður og kemur það nokkuð á óvart því ætla hefði mátt að niðurstreymi tengdist loftstíflum vindmegin landsins, en þær myndast aðeins í hægum vindi. Gefur það vísbendingu um að niðurstreymið norðan heiða í sunnanátt sé ekki síður tengt kviku sem myndast þegar hvass vindur blæs yfir landinu. Áberandi er að hitamunur norðan og sunnan heiða er mestur þegar sól er hæst á lofti og gefur það til kynna að á sumrin sé sólgeislun mikilvægur þáttur í að halda uppi hita í sunnanátt á Norðurlandi.